

## Jól í Fagurey 1836 - Byggðasafn Dalamanna

Jólasagan í ár segir frá þeim frændum og nöfnum Stefáni Eggertssyni og Stefáni Björnssyni er dvöldu í Fagurey yfir jólin 1836.

Sögustundin verður laugardaginn 17. desember kl. 15 á Byggðasafni Dalamanna að Laugum í Sælingsdal. Aðgangseyrir verður sem fyrr 500 kr og kaffi á könnunni.

Sælingsdalslaug verður opin kl. 14-18 fyrir þá sem vilja nýta ferðina til sundiðkunar.

### Húsnæðisbætur

Þann 1. janúar 2017 taka lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur gildi. Sveitarfélögin munu þá hætta umsjón með húsaleigubótum.

Vinumálastofnun mun annast framkvæmd laganna og tekur ákvarðanir um rétt til húsnæðisbóta. Almenn afgreiðsla verður í höndum Greiðslustofu húsnæðisbóta á Sauðárkróki.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.husbot.is](http://www.husbot.is). Þar er einnig að finna reiknivél fyrir húsnæðisbætur og umsóknareyðublöð.

Sérstakar húsaleigubætur verða ennþá til, en munu frá og með 1. janúar 2017 heita sérstakur húsnæðisstuðningur. Sótt verður áfram um sérstakan húsnæðisstuðning hjá viðkomandi sveitarfélagi.

### Endurvinnslustöð

Þar sem endurvinnslustöðin verður lokuð laugardagana 24. og 31. desember verður opið aukalega föstudagana 23. og 30. desember kl. 13-17. Auk þess verður opnunartími lengdur þriðjudagana 27. desember og 3. janúar, kl. 13-18.



## DALAPÓSTURINN

14. tölublað, 9. árgangur

14. desember 2016

*Sveitarstjórn Dalabyggðar*

*óskar íbúum Dalabyggðar*

*glédilegra jóla og*

*farsæls komandi árs*



### Áramótabrennur

Árleg brenna í Búðardal verður á sjávarkambinum neðan við Búðarbraut og skotsvæði á gömlu bryggjunni. Kveikt verður í brennunni kl. 21.

Brennan í Saurbænum verður í landi Bjarnastaða í Staðarhólsdal. Kveikt verður í brennunni um miðnætti.

Allar breytingar á brennustæðum og tímasetningum verða auglýstar á vef Dalabyggðar, [www.dalir.is](http://www.dalir.is).